



Umhverfisstofnun

Drög að stöðuskýrslu yfir vatnasvæði Íslands

Helgi Jensson

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2013

Efni: Umsögn um „Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands“ sem barst skrifstofu Landssambandi fiskeldistöðva 18. desember s.l.

Landssamband fiskeldisstöðva (LF) fer fram á það að Umhverfisstofnun endurskoði skýrsluna „Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands“. Ennfremur að stofnunin leiðrétti fullyrðingar sem þar birtast, birti réttar upplýsingar og geti heimilda þeirra.

Félagar í Landssambandi fiskeldisstöðva eru matvælaframleiðendur sem flytja út matvæli frá Íslandi. Efnið í skýrslunni getur haft skaðleg áhrif á fiskeldið á Íslandi, s.s. bein áhrif á afurðaverð. Að mati LF er birting þessara ganga ekki í anda laganna um upplýsingagjöf. Hér verður líka að hafa í huga að önnur fyrirtæki sem eru á lista yfir fyrirtæki með mengandi starfssemi, t.d. stóriðjan, hafa aðra hagsmuni. Birting slíkra gagna hefur ekki áhrif á afurðaverð þessara fyrirtækja en gæti skaðað fiskeldið á Íslandi og ímynd þess.

Athugasemdir sem þarf að leiðrétta sem allra fyrst. Bls. 23. næst síðustu greinarskil.

Nafngreind eru tvö fyrirtæki á síðunni sem hafa verið með starfsemi í fiskeldi í áratugi. Hið fyrra (fyrirtæki 1) fyrir að vera með starfsemi í „nánast lokuðu ísoltu lóni“ og noti auk þess koparblandaða ásætuvörn á nætur kvíana. Hér má minna á að ferskvatnsrennsli í lónið er að meðaltali um 29 m³/sek sem rennur allt til sjávar um lónið. Fram kemur á bls. 16 í skýrsludrögunum að koparstyrkur í kræklingi **hafi ekki hækkað** í Álftafirði eða Skutulsfirði þrátt fyrir sjókvíaeldi í rúman áratug. Koparblönduð ásætuvörn er almennt notuð í sjókvíaeldi um allan heim.

Mælingar sem liggja fyrir sýna að innihald koparefna er ekki hærra í afurðum fyrirtækisins en hjá öðrum fyrirtækjum. Fyrirtæki 1 hefur í tvö ár stundað umhverfisvöktun og rannsóknir í samstarfi við líffræðinga hjá Náttúrustofu norðausturlands á Húsavík sem einnig hefur eftirlit og vöktun á vötnum á svæðinu. Seyru er dælt undan kvíunum á tveggja ára fresti. Þessa daganna er verið að vinna rannsóknaáætlun sem beinist sérstaklega að koparsamböndum í botnlægu smádýraflórunni á svæðinu og áætlað er að hún liggi fyrir seinna í mánuðinum.

Seinna fyrirtækið (fyrirtæki 2) er með landeldi og hefur síðan í apríl 2011 vaktað reglulega viðtaka, ofan og neðan við frárennsli. Þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir benda til þess að viðtakinn sé **ekki undir á lagi** vegna starfseminnar. Mælingarnar sýna að svifagnir eru í 7 af 10



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

mælingum hærri í ánni en í frárennslinu og í flestu tilfellum margfalt hærri í ánni. Fosfórmælingar sýna að í 7 af 10 mælingum eru mæliniðurstöður þær sömu hvort sem er í ánni eða frárennslinu. Hærra gildi köfnunarefnis er oftar í frárennslí en í ánni. Í eftirlitsskýrslu UST frá 2011 segir „Losun köfnunarefnis er lítillega yfir mörkum en telst innan skekkjumarka þegar litið er til óvissuhátt eins og t.d. uppgefnnum rennslistölum. Ekki verður litið svo á að hér sé um að ræða frávik frá starfsleyfi.“

Undanþága í starfsleyfi sem vísað er til hjá fyrirtæki 2 er um losun settjarna og hugsanlega breytta flokkun viðtaka en ekki frávik frá losunarmörkum. Fyrirtækið vinnur m.a. í samstarfi við UST markvisst að betri lausn, skilgreiningu viðtakans og nýtingarmöguleika á seyru sem til fellur.

Umskrifa þarf textann um fiskeldisfyrirtækin á bls. 23 þar sem **ekki er farið rétt** með staðreyndir og ekki skemmir fyrir að horfa með jákvæðari hætti á starfsemina. Lf er tilbúið til að aðstoða við að skrifa þann texta verði óskað eftir því.

Töflur á bls. 28 og 29. Tvö neðstu fyrirtækin.

Í stað „Nei“ kemur „Já“ og í stað „Mögulega undir álagi“ kemur „Ekki undir álagi“. Lagfæra þarf textann í töflunni í samræmi við staðreyndir eða koma fram með gögn sem sýna fram á hið gagnstæða.

Landssamband fiskeldisstöðva óskar eftir góðu samstarfi við stofnunina og væntir þess að fullt tillit verði tekið til þessarar umsagnar. Fulltrúar félagsins eða viðkomandi fyrirtækja eru að sjálfsögðu tilbúnir að fara yfir málið með fulltrúum UST.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamband fiskeldisstöðva

Guðbergur Rúnarsson